



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 29

Apríl 1989

### FÉLAGSFUNDUR

Félagsfundur verður haldinn að Hótel Lind, Rauðarárstíg,  
þriðjudaginn 24. apríl 1990, kl. 20:30.

#### Dagskrá:

1. Snjóflóð og snjóflóðavarnir - Magnús Már Magnússon
2. Kaffi.
3. Jöklaritið. Minnst Sveins Pálssonar á 150. ártíð hans. - Helgi Björnsson.

## SNJÓFLÓÐ OG SNJÓFLÓÐAVARNIR

Í gegnum aldirnar hafa snjóflóð verið mjög mannskæð á Íslandi. Um 200 falt fleiri farast hér á landi af völdum snjóflóða en gerist og gengur í heiminum. Ástæður þessa og hvenig megi meta hættu á snjóflóðum og hvernig megi verjast þeim verður umfjöllunarefní fyrirlesturs sem Magnús Már Magnússon jöklafraðingur, deildarstjóri snjóflóðavarna á Veðurstofu Íslands mun flytja á vorfundi félagsins.

## JÖKLARITIÐ. MINNST SVEINS PÁLSSONAR Á 150. ÁRTÍÐ HANS

Hinn 24. apríl 1990 verða 150 ár liðin frá andláti Sveins Pálssonar. Jöklarannsóknafélagið mun minnast þessa einstaka brautryðjanda á næsta fræðslufundi, sem ber upp á dánardag hans. Þá verður sagt frá Jöklariti Sveins og gerð grein fyrir framlagi hans til jöklafraðinnar, - í ljósi þess sem menn vissu þá um jöklu og síðari þekkingar. Með jöklariti Sveins reis hæst jöklafraði, sem byggist á reynslu Íslendinga af jöklum og þróaðist hér á landi samtímis og óháð því sem var í Alpalöndum. Sveinn var m.a. fyrstur manna til að setja fram skýrt þá kenningu að jöklar hreyfðust sem seigfljótandi efni. \HB.

## BÓKIN ÍSLENSK VÖTN II

Í síðasta fréttabréfi var kynnt væntanleg bók frá Bókaútgáfu Menningarsjóðs eftir Sigurjón Rist um íslenska vatnafræði. Enn hefur verð ekki hefur verið ákveðið. Félagar mega búast við að fá sent blað fljótega með frekari upplýsingum þar sem þeim verður boðin áskrift að bókinni.

## SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA

Aðalfundur félagsins var haldinn 1. mars 1990. Á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum. Stjórnin er nú þannig skipuð:

Helgi Björnsson formaður, kosinn 1989 til þriggja ára, Sveinbjörn Björnsson varaformaður, kosinn 1989 til tveggja ára, Einar Gunnlaugsson ritari, kosinn 1989 til tveggja ára, Jón E. Ísdal gjaldkeri, kosinn 1990 til tveggja ára og Stefán Bjarnason meðstjórnandi, kosinn 1990 til tveggja ára.

Pá var jafnframt dregið um röð vararstjórnarmanna:

Fyrsti varamaður er Björn Indriðason, kosinn 1989 til tveggja ára, annar varamaður Jón Sveinsson kosinn 1990 til tveggja ára, þriðji varamaður Pétur Þorleifsson, kosinn 1990 til tveggja ára og fjórði varamaður Ástvaldur Guðmundsson kosinn 1989 til tveggja ára.

Nefndir eru nú þannig skipaðar:

Rannsóknaneftnd: Helgi Björnsson formaður, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Már Magnússon og Oddur Sigurðsson.

Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal og Pétur Þorleifsson.

Bílanefnd: Björn Indriðason formaður, Bárður Harðarson, Eiríkur Gunnarsson, Engilhart Björnsson, Guðmundur Marísson, Gunnar Guðmundsson, Magnús Eyjólfsson og Ólafur Nielsen.

Ritnefnd: Helgi Björnsson og Leó Kristjánsson hafa tekið að sér ritstjórn og mun Pétur Þorleifsson sjá um félagsefni. Sérstök ritnefnd hefur verið skipuð fyrir afmælisheftið 1990 en í henni eru Bryndís Brandsdóttir, Hreggviður Norðahl og Sveinn Jakobsson.

Þegar hefur verið skipað í skemmtinefnd fyrir afmælisárshátíðina 1990. Í henni eru Halldór Ólafsson, Stefán Bjarnason, Bryndís Brandsdóttir og Margrét Ísdal.

## VORFERÐ

Hafinn er undirbúningur að vorferð félagsins. Auk hefðbundinna mælinga á vatnshæð í Grímsvötnum og ákomu er í ráði er að reyna aftur við borun gegnum íshelluna í Grímsvötnum til að hægt sé að mæla hitastig vatnsins og taka sýni af vatninu til efnagreininga. Jafnframt er stefnt að þykktarmælingum með íssjá SV við Grímsvötn frá Háubungu í átt að Þórðarhyrnu og Pálsfjalli. Þá eru fyrirhugaðar endurbætur á gamla skálanum á Grímsfjalli og að leggja í hann hitaveitu.

## SKÁLAR OG GISTIGJÖLD

Ákveðin hafa verið gistigjöld í skálum félagsins og verða þau 550 kr fyrir gistingu í læstum skálum í Jökulheimum og á Grímsfjalli og 350 kr í öðrum skálum. Þeir sem hug hafa á að nýta sér skála félagsins geta haft samband við trúnaðarmenn félagsins, sem afhenda lykla og taka við greiðslu gistigjalfa. Trúnaðarmenn félagsins eru:

Stefán Bjarnason

Hæðargarði 54

Reykjavík s. 91-37392, vs. 91-686125

Guðmundur Márusson

Útgarði

Varmahlíð s. 95-6127

Birkir Fanndal

Skútuhrauni 14

Reykjahlíð s. 96-44188

Vilhelm Ágúst Ágústsson

Stóragarði 16

Akureyri s. 96-23900

Völundur Jóhannesson

Fjarðarhlíð 5

Egilssstöðum s. 97-11315